

Hafnarfjarðarbær  
Skipulags- og byggingarsvið  
Bjarki Jóhannesson, sviðsstjóri  
Norðurhelli  
221 Hafnarfjörður

Hafnarfjörður 20. júlí 2015

**Varðar: Lóðarstækkun að Erluási 33 221 Hafnarfjörður**

Í framhaldi af yfiferð Hafnarfjarðarbæjar á nálægu bæjarlandi við lóðina Erluás 33 var það sameginileg ákvörðun að lóðarhafar að Erluási 33, myndu vinna að jarðvegsskiptum, sjá um plöntun og gróðursetningu og viðhald lóðarskika, á eigi kostnað, sunnan við lóðina til að reyna að hefta útbreiðslu á lúpínu og kerfli.

Það átak hefur staðið yfir síðan 2005 með góðum árangri (sjá mynd).


Nú er svo komið að áhugi er fyrir hendi að halda áfram með næsta skika, en um leið þegar farið er í álíkar fjárfestingar og jarðvegsskipti (vinna og efni) svo og gróðursetningu (vinna og efni) er það ósk lóðarhafana að sækja um lóðarstækkun, hvorutveggja það sem áður hefur verið ræktað upp og það sem á eftir kemur á næstu árum.

Markmiðið er að halda hinni miklu lúpínubreiðu í skefjum en um leið að fegra bæjarlandið enn frekar. Þá er það kostur að greiða lóðarleigu af öllu svæðinu sem ræktað er og verður upp en um leið hafa ráðstöfunarrétt yfir þá umræddu leigulandi bæjarins. Nú þegar hefur verið fjárfest í grjóti sem sett hefur verið til stuðnings á lóðarmörkum, en mikill halli er í lóðinni.

Hjálagt eru myndir af svæðinu sem um ræðir en einnig mæling framkvæmd af Hafnarfjarðarbæ þar sem sýnd eru hin nýju lóðamörk.

Virðingarfyllst,  
með samstarfskveðju

f.h. lóðarhafa að Erluási 33



Gunnar Svavarsson